



Skipulagsfulltrúi Dalabyggðar
Miðbraut 11
370 Búðardal

Gunnarsholti, 24. maí 2022

Umsagnarbeiðni: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Ólafsdal við Gilsfjörð

Landgræðslunni barst til umsagnar breyting á deiliskipulagi fyrir Ólafsdal við Gilsfjörð.

Landgræðslan hefur kynnt sér efnið og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018, einkum er lýtur að því að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands.

Varðandi skógræktaráætlanir á svæðinu bendir Landgræðslan á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunnar Íslands eru þar að finna þrjár vistgerðir – starungsmýravist, gulstararflóavist og lyngmóavist. Verndargildi þessara vistgerða er mikið og hátt á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Jafnframt er deiliskipulaginu ætlað að stuðla að vernd menningarlandslags og minja í dalnum og uppgræðslu í sátt við náttúrulegt gróðurfar smbr. kafla 1.2. Í því sambandi beinir Landgræðslan þeim tilmælum að hafa í huga verndargildi vistgerða og markmið um vernd menningarminja og að notast sé við nærtækar innlendar tegundir sem finnast í dalnum fremur en lerki og greni líkt og nefnt er.

Landgræðslan gerir ekki frekari athugasemdir við breytingu á deiliskipulagi fyrir Ólafsdal við Gilsfjörð en er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, vernd og endurheimt votlendis, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f. h. Landgræðslunnar

Davíð Arnar Stefánsson,
sérfræðingur